

Ráðherrar, félagar í Viðskiptaráði og aðrir góðir gestir

Í dag verðu gefin út skýrsla sem inniheldur Afmælistillögur Viðskiptaráðs Íslands, en þær eru 90 talsins, ein fyrir hvert starfsár ráðsins. Umtalsverð vinna hefur verið lögð í að draga tillögurnar saman og höfum við fengið að njóta krafta ýmissa einstaklinga úr atvinnulífinu. Ég vil hér með færa álitsgjöfum Viðskiptaráðs kærar þakkar fyrir mikilvægt framlag. Einnig vil ég þakka Höllu Tómasdóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra ráðsins, sem átti hugmyndina að þeirri skýrslu sem hér er kynnt. Hún er nú á meðal álitsgjafa Viðskiptaráðs.

90 tillögum Viðskiptaráðs má lýsa sem stefnuskrá ráðsins. Sumar eru sjálfsagðar en aðrar umdeildar, en höfuðmarkmið þeirra er að ýta við umræðu sem hefur það að markmiði að styrkja samkeppnishæfi Íslands. Tillögunum er beint til stjórnvalda með það fyrir augum að gera umhverfi atvinnulífs á Íslandi einfaldara, skilvirkara og réttlátara. Þannig má efla íslenskt samfélag, öllum til heilla.

Í skýrslunni eru tillögurnar lagðar fram í punktaformi til að gera þær aðgengilegri. Þeim hefur, til einföldunar, verið skipt í níu málaflokka og gerð grein fyrir hverjum flokki í stuttum inngangskafla.

Það er ljóst að sumar tillagnanna er bæði flóknar og margþættar og krefjast umfangsmeiri umfjöllunar en tók eru á í stuttri skýrslu, en Viðskiptaráð mun fylgja þeim eftir með frekari umfjöllun á næstu vikum og mánuðum.

Ég ætla nú að verja nokkrum mínútum í að gera grein fyrir afmælistillögunum. Það er ljóst að ekki eru tók á að fjalla um þær allar og því mun ég stikla á stóru í þeim 9 efnisköflum sem tillögurnar falla í.

Við munum svo í lok þessa fundar færa öllum fundargestum afmælisgjöf frá Viðskiptaráði Íslands, 90 tillögur að bættri samkeppnishæfni Íslands, auk bókamerkis sem ætti að reynast gagnlegt er staldra þarf við í lestrinum. Ég bið ykkur því að fara ekki héðan án gjafarinnar.

Stefna og langtímamarkmið

Fyrst er hugað að *stefnu og langtímamarkmiðum*. Það kannast margir við orð kattarins í Lísu í Undralandi, um að ef ekki er vitað hvert fara skuli, þá megi einu gilda hvaða leið er valin. Þetta á jafnt við um einstaklinga, fyrirtæki og lönd. Viðskiptaráð leggur því til að stjórnvöld móti og kynni skýra framtíðarstefnu og byggi allar ákvarðanir á grundvelli hennar. Ísland hefur alla burði til að verða samkeppnishæfasta hagkerfi heims, en til að svo megi verða er nauðsynlegt að styrkja allar stoðir. Því er lögð áhersla á að hér verði samfélag sem byggir á jöfnum tækifærum og að atvinnulífi og einstaklingum verði treyst fyrir sem flestum verkefnum. Mikilvægasta verkefni stjórnvalda er því að tryggja frjósaman jarðveg sem leyfir hagkerfinu að blómstra.

Stjórnsýsla

Um **stjórnsýsla** má það segja, að eftir höfðinu dansa limirnir, eins og segir í gömlu íslensku orðatiltæki. Það er því mikilvægt að æðstu ráðamenn þjóðarinnar sýni gott fordæmi um ráðdeild og kostnaðarvitund. Viðskiptaráð leggur til aukna áherslu á **skilvirkni í stjórnsýslu** og að leitað verði leiða til hagræðingar í opinberum rekstri. Til að mynda ætti að fækka ráðuneytum og öðrum opinberum stofnunum til muna, huga að skilvirkara starfsfyrirkomulagi Alþingis og endurskoða kosningafyrirkomulag.

Skattaumhverfið

Skattamál hafa löngum verið Viðskiptaráði hugleikin, en ráðið hefur ávallt mælt fyrir lækkun skatta og einföldu og gagnsæu **skattaumhverfi**. Reynsla síðustu ára sýnir að þau skref sem stigin hafa verið til skattalækkunar hafa verið til heilla en margt bendir til að þau séu *ekki fullnýtt*. Því er lagt til að komið verði á *flötu skattkerfið sem felur í sér lækkun skatta og afnám hliðarskatta*. Þannig má búa til skilvirkt og aðlaðandi skattaumhverfi sem leggur grunninn að samkeppnisforskoti Íslands á alþjóðavísu.

Fjármál hins opinbera

Fjármál hins opinbera hafa verið með ágætum síðustu ár og getur sterk staða ríkissjóðs reynst beitt vopn í baráttu gegn neikvæðri umræðu um fjármálastöðu Íslands. Það er því lagt til að haldið verði áfram að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að halda vexti ríkisútgjalda í skefjum þannig að heildarútgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu dragist saman. Til að koma á jafnvægi í ríkisfjármálum er mikilvægt að stjórnvöld taki í ríkara mæli þátt í jöfnun hagsveiflna.

Vinumarkaður og lífeyrismál

Þróun **vinnumarkaðar og lífeyrismála** hefur verið með ágætum að undanfögnu. Það eru forréttindi að búa við að helsta vandamál á **vinnumarkaði** sé skortur á starfsfólki. Það eru líka forréttindi að hér sé lífeyrissjóðakerfi með uppsafnaðar eignir sem nema 1.600 milljörðum króna, vel rúmlega landsframleiðsla Íslands. Þetta megum við þakka sveigjanlegum vinnumarkaði með einföldu regluverki og vel uppbyggðu lífeyrissjóðakerfi. Á þessum grunni er mikilvægt að byggja frekari framfarir, svo sem *aukið samningsfrelsi og frekari samræmingu á réttindum og skyldum á vinnumarkaði*.

Viðskiptaumhverfi og fjármálaþjónusta

Frjálsræði hefur verið lykilhugtak í umbreytingu íslensks **viðskipta- og fjármálaumhverfis**. Aukið frelsi á fjármálamörkuðum hefur leyst úr læðingi krafta sem hafa gerbylt íslensku samfélagi. Á skömmum tíma hefur fjármálaþjónusta vaxið í það að vera ein af höfuðatvinnugreinum þjóðarinnar. Íslensk fyrirtæki hafa sótt út fyrir landsteinana og nú er svo komið að hagkerfið er orðið samtvinnað alþjóðamörkuðum. Nauðsynlegt er að styðja við þessa þróun með enn meiri sveigjanleika, t.d. með aukinni skilvirkni opinberra þjónustofnana og frelsi fyrirtækja til að færa uppgjör og skrá hlutabréf í erlendri mynt. Þannig skapa stjórnvöld hagfelld skilyrði fyrir íslensk fyrirtæki og auka líkur á að erlend fyrirtæki sækji hingað í auknum mæli.

Mennta- og heilbrigðismál

Ein af megináherslum í starfi Viðskiptaráðs frá stofnun hefur verið á **menntamál**, enda fátt til meiri hagsbóta fyrir viðskiptalíf en öflugt, vel menntað starfsfólk.

Einkaframkvæmd hefur nú þegar sannað gildi sitt í menntamálum og því er lagt til að það fyrirkomulag verði nýtt í auknum mæli á öllum skólastigum, auk þess sem leggja verður meiri áherslu á uppbyggingu alþjóðlegs náms í takti við þarfir atvinnulífsins. Það sama á við um **heilbrigðisgeirann**, þar sem kraftar einkaaðila eru mjög vannýttir.

Hvort þjónustan er fjármögnuð með skattfé eða einkavædd að fullu er val, en mikilvægt er að skoðanaágreiningur um hlutverk hins opinbera komi ekki í veg fyrir þann ávinning sem hlotist getur af einkarekstri.

Atvinnumál

Á undanförnum árum hefur nýjum stöðum verið skotið undir íslenskt **atvinnulíf**. Aukið frjálsræði hefur rutt braut framfara en þó hafa vissar atvinnugreinar setið eftir og einkennast enn af höftum, takmörkunum og ríkisafskiptum. Það er mikilvægt að gera bragarbót þar á, ætlum við Íslandi í fremstu röð. Það er ekki ástæða til að verja einstakar atvinnugreinar með sértækum aðgerðum, heldur ættu Íslendingar að einbeita sér að greinum þar sem við getum skapað okkur alþjóðlegt samkeppnisforskot.

Lágmörkun ríkisrekstrar

Stóran hluta velgengni Íslands á síðustu árum má rekja til aukinnar þátttöku einkaaðila á mörgum sviðum. Hvort sem um ræðir fjármálafyrirtæki, samgöngumannvirki, menntastofnanir eða fjarskiptaþjónustu er árangurinn ótvíræður. Hlutverk ríkisins er fyrst og fremst að stuðla að heilbrigðu atvinnulífi þar sem samkeppni og markaðslögmál fá þrífist. Í ljósi þess ætti það að vera skýr stefna ríkissins að taka ekki þátt í samkeppni við einkaaðila á neinum markaði. Með lágmörkun ríkisrekstrar er dregið úr umfangi hins opinbera, sem skapar einkaaðilum svigrúm og tækifæri til að blómstra.

Niðurlag

Eins og heyra má af framangreindu kennir ýmissa grasa í tillögum Viðskiptaráðs. Í mörgum kveður við kunnuglegan tón, eins og þeim sem lúta að lágmörkun ríkisrekstrar eða einfaldara skattaumhverfi. Sumar eru þó nýrri af nálinni og helgast af þeim breytingum sem átt hafa sér stað í íslensku samfélagi á undanförunum árum.

Það er til að mynda brýnt að auka stöðugleika í efnahagslífinu og í því óhjákvæmilegt að taka afstöðu til stöðu Íslands í Evrópumálum og skoða hversu heppilegur gjaldmiðill krónan er þegar horft er til framtíðar.

Einnig þarf að huga að skorti á starfsfólki í nánast öll störf. Áhugaverð störf eru til staðar en það blasir ekki við hverjir munu vinna þau. Það er því brýnt að taka sérstaklega til skoðunar tillögur sem lúta að því að eflingu mannauðs á Íslandi, en þar má bæði horfa til menntakerfis okkar og þess umhverfis sem útlendingum býðst sem hingað koma til starfs og náms.

En nú er hér lokið stuttu yfirliti um afmælistillöugur Viðskiptaráðs Íslands. Það er von okkar að þær hugmyndir sem hér er að finna verði stjórnvöldum, bæði þingmönnum í stjórn og stjórnarandstöðu, hvatning til dáða við uppbyggingu á samkeppnishæfni Íslands, sem ætti að vera keppikefli allra sem okkar ágæta land byggja.

Félagar í Viðskiptaráði, til hamingju með 90 ára afmælið.